

164

22. sept.

8. gr.

Ríkisstofnanir skulu senda Innkaupastofnuninni sundurliðaða áætlun um væntanlegar innkaupaþarfir sínar með nægum fyrirvara.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 72 5. júní 1947, um Innkaupastofnun ríkisins, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er reglugerð nr. 73 29. marz 1952, um Innkaupastofnun ríkisins, numin úr gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 22. september 1959.

Gylfi Þ. Gíslason.

Yngvi Ólafsson.

165

24. sept.

SAMÞYKKT

um hundahald í Flateyrarkauptúni.

1. gr.

Bannað er hundahald í Flateyrarkauptúni nema með leyfi hreppsnefndar.

2. gr.

Hreppsnefndin getur veitt leyfi til hundahalds, ef ástæða þykir til og sérstökum skilyrðum er fullnægt, en aldrei mega hundar vera úti að næturlagi, er truflað geti svefn manna og raskað næturró.

3. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000 krónum.

Samþykkt þessi, er gerð var af hreppsnefnd Flateyrarhrepps 29. maí 1959, staðfestist hér með skv. heimild í 1. gr. l. nr. 7 1953 til að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 24. september 1959.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Ragnar Bjarkan.

166

25. sept.

REGLUGERÐ

um skemmtanaskatt í Húsavíkurkaupstað.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög nr. 61 11. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Húsavíkurkaupstað og aðgangur er seldur að og eigi eru með lögum undanþegnar skatti.

2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

1. flokkur:

- a) Fyrirlestrar og upplestrar.
- b) Söngskemmtanir og hljótleikar.
- c. Sjónleikir.
- d) Kappleikir og íþróttasýningar annarra en áhugamanna.
- e) Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.

166

25. sept.

2. flokkur:

- a) Dansleikir og danssýningar.
- b) Loddara- og fjölleikasýningar.
- c) Allar aðrar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og ekki eru hér taldar sérstaklega.

3. gr.

Af þeim skemmtunum, sem taldar eru í 1. flokki, skal greiða 10% af aðgöngueyri og af þeim, sem taldar eru í 2. flokki, 20%. Ef skemmtun er margþætt, skal miða við þann þátt hennar, sem hæst er skattlagður.

4. gr.

Undanþágu frá skattgreiðslu getur bæjarstjórn Húsavíkur veitt, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða til styrktar menningar- og framfaramálum kaupstaðarins.

5. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur hefur eftirlit með, að reglugerð þessari sé framfylgt og sér um innheimtu skattsins og er heimilt að hafa eftirlit með skemmtunum og sölu aðgöngumiða. Getur hún ráðið til þess sérstakan mann eða falið það löggæzlumönnum bæjarins.

6. gr.

Hver sá, sem hyggst halda skemmtun, skal tilkynna það bæjarskrifstofunni og afhenda henni til stimplunar í tæka tíð alla þá aðgöngumiða, er nota á við skemmtunina. Aðgöngumiðar séu þannig gerðir, að þeir séu auðveldlega rifnir í tvennt.

Eigi síðar en tveim dögum eftir að samkomu er lokið, skal sá, er fyrir henni stóð, afhenda skrifstofu bæjarins alla ónotaða aðgöngumiða, svo og stofna af seldum miðum og greiða um leið skatt af öllum þeim miðum, sem notaðir hafa verið, sbr. 3. grein þessarar reglugerðar. Bæjarstjórn getur þó ákveðið, að skatturinn skuli greiddur um leið og aðgöngumiðar eru stimplaðir.

7. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skattsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um félag er að ræða, þá allir stjórnendur á sama hátt.

8. gr.

Bæjarstjórn færir inn í sérstaka skemmtanaskattsbók nafn forstöðumanns skemmtunar, tegund skemmtunar og hvar og hvenær hún skuli haldin, tölu stimplaðra aðgöngumiða, sem afhentir eru forstöðumanni gegn kvittun hans ritaðri í bókina. Þá skal geta um tölu óseldra miða og seldra og útreikning skattfjárhæðarinnar. Falli skemmtunin niður, skal þess getið í bókinni.

9. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari greiðast í bæjarsjóð. Féð skal þó varðveitt í sérstökum sjóði, sem bæjarstjórn stjórnar. Skulu reikningar þess sjóðs

- 166 fylgja reikningum bæjarsjóðsins og endurskoðast og úrskurðast með þeim. Fé sjóðs-
25. sept. ins skal varið til hvers konar menningarstarfsemi í Húsavík, svo sem til styrktar félags-
starfsemi bæjarins, einkum félagsheimili staðarins.

10. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum. Skulu mál út af brotum á reglugerðinni sæta meðferð opinberra mála.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 34/1918, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 25. september 1959.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Ásgeir Pétursson.

- 167 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Skógræktarsjóð systkinanna Gunn-
8. okt. laugs Kristmundssonar, sandgræðslustjóra, Ingibjargar Kristmundsdóttur og Guð-
mundar Kristmundssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráð-
herra 8. okt. 1959.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Skógræktarsjóð systkinanna Gunnlaugs Kristmundssonar, sandgræðslu-
stjóra, Ingibjargar Kristmundsdóttur og Guðmundar Kristmundssonar.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Ingibjörgu Kristmundsdóttur, Brekkugötu 12. Hafnarfirði, með erfðaskrá 21. apríl 1950, en hún lézt 1. júní 1952.

2. gr.

Eign sjóðsins er nú kr. 33339.72 og skulu fjármunir sjóðsins geymdir í Sparisjóði Hafnarfjarðar, eða annarri tryggri lánsstofnun.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að efla og styrkja skógrækt í Hafnarfirði eða nágrenni kaupstaðarins. Skal ef við verður komið verja fé sjóðsins til uppgræðslu eða skógræktar á tilteknu svæði, er beri nafn systkinanna.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, bæjarstjórinn í Hafnarfirði og formaður Skógræktarfélags Hafnarfjarðar, og skipta þeir nánar með sér verkum.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal færa reikning yfir rekstur og tekjur umliðins árs, og eignir í árslok í gerðabók er stjórn sjóðsins heldur. Þar skulu og færðar fundargerðir og allar ákvarðanir stjórnarinnar varðandi sjóðinn.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Davíðs Sigurðssonar, 168
 útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. okt. 1959. 8. okt.
 Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Davíðs Sigurðssonar.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af frú Þórdísi Stefánsdóttur með eitt þúsund króna gjöf, til minningar um mann hennar Davíð Sigurðsson trésmíðameistara á Akureyri.

2. gr.

Stjórn sjóðsins er falin stjórn Iðnaðarmannafélags Akureyrar, en fjárframlög samkvæmt 4. grein verða aðeins gerð á lögmætum fundi félagsins, enda mæli stjórnin með þeim.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Vextir af sjóðnum leggist við höfuðstólinn, unz þeir eru orðnir 200 krónur árlega. Skal þá vöxtunum úthlutað annað hvort ár samkvæmt 4. grein, en hitt árið skulu þeir lagðir við höfuðstólinn.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er, að styrkja efnilega iðnaðarmenn í Akureyrarbæ til utanfarar, til frekara náms í iðn sinni.

5. gr.

Allt reiðufé sjóðsins skal ávaxta í banka eða verðbréfum á Akureyri. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal reikningur hans endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda.

6. gr.

Verði Iðnaðarmannafélag Akureyrar lagt niður, veitir bæjarstjórn Akureyrar sjóðnum forstöðu. Um styrkveitingar úr sjóðnum skal þá farið samkvæmt meðmælum fjölmennasta félags iðnaðarmanna í bænum.

7. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita staðfestingar forseta Íslands.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð áfengissjúklinga, útgefin 169
 á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. okt. 1959. 9. okt.
 Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð áfengissjúklinga.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður áfengissjúklinga.

Stofnfé hans er kr. 116224.84 og er það eftirstöðvar fjársöfnunar til drykkjumannaskýlis kr. 60762.44, og framlag frá bæjarstjórn Reykjavíkur í sama tilgangi kr. 55462.40.